

Haukur Sveinbjörnsson

Haukur er einn af stofnfélögum Snæfellings og starfaði í og fyrir félagið í áratugi og var í stjórn þess um tíma. Hann var einnig í stjórn HrossVest um árabil sem ritari. Starfaði sem þulur á landsmótum, fjórðungsmótum og félagsmótum í áratugi og kom að uppbyggingu félagsins á margan hátt. Hestamenn hafa löngum verið velkomnir á Snorrastaði og eru þeir margir sem hafa notið leiðsagnar Hauks um hinar fallegu Löngufjörur í gegnum tíðina. Haukur er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Snæfellingi og hefur einnig hlotið heiðursviðurkenningu HrossVest. Haukur Sveinbjörnsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.